Vestfjarðastofa

Ísafirði 10.11.2026

**Efni: Ósk um samstarf við ungmenni um vegglistaverk**

Ungmennaráð Vestfjarða, í samstarfi við vestfirsk ungmenni í hópnum Menning og samfélag á Ungmennaþingi Vestfjarða og Barnamenningarhátíðina Púkann, óskar eftir aðkomu Vesturbyggðar að stærsta verkefni hátíðarinnar árið 2027.

Ungmennaráð Vestfjarða hefur þegar valið þema Púkans, en það er framtíðin, og óskaði ráðið sérstaklega eftir því að unnið yrði með vegglist. Ungmenni á Vestfjörðum og Púkinn vilja skapa vegglistaverk sem tengjast framtíðinni og fá sveitarfélögin í samstarf um ákveðna þætti verkefnisins.

Óskum við eftir því að þið leggið til veggi undir verkin í samtali við Ungmennaráð Vestfjarða og veitið leyfi til framkvæmdarinnar. Ráðið hefur þegar tekið saman tillögur að mögulegum veggjum í hverju sveitarfélagi en er jafnframt tilbúið að skoða aðra möguleika. Athugið að ekki verður hægt að gera listaverk í hverjum þéttbýliskjarna á Vestfjörðum en miðað er við eitt til tvö verk á hverju svæði Vestfjarða.

Einnig óskum við eftir því að sveitarfélagið leggi til aðstöðu, verkfæri og búnað í gegnum áhaldahús, svo sem vinnupalla og aðstoð við flutning búnaðar á milli staða. Tekið skal fram að ekki er verið að biðja um umfangsmikla aðstoð heldur stuðning sem getur létt undir með framkvæmd verkefnisins.

Púkinn og samstarfsaðilar hátíðarinnar munu sjá um listræna vinnslu, samráð við ungmenni, verkefnastýringu og öflun fjármögnunar eftir því sem kostur er.

Þetta skiptir okkur máli því við teljum mikilvægt að sýna list ungmenna á Vestfjörðum á skapandi hátt. Það er mikilvægt að gera sýnilegt að vestfirsk ungmenni hafi frelsi og tækifæri til að skapa list. Við teljum að með þessu verkefni geti sveitarfélög á Vestfjörðum sett gott fordæmi fyrir aðra landshluta. Vegglist fegrar umhverfið og vekur athygli, sem við teljum að sveitarfélögin hafi hag af.

Í gegnum verkefnið fá ungmenni á Vestfjörðum tækifæri til að velta fyrir sér framtíðinni og setja hugmyndir sínar fram á skapandi hátt. Með verkunum fær framtíðarsýn vestfirskra ungmenna sýnilegan sess í nærumhverfinu. Verkin verða jafnframt varanleg áminning um raddir og hugmyndir ungs fólks á Vestfjörðum og framlag þess til samfélagsins.

Óskum við eftir svari frá sveitarfélaginu um hvort vilji sé til samstarfs og hvaða möguleikar séu fyrir hendi varðandi staðsetningu verksins.

**Fyrir hönd Ungmennaráðs Vestfjarða**
Erna Lea Bergsteinsdóttir, verkefnastjóri

í samstarfi við
**Barnamenningarhátíðina Púkann**